



14. fundur stjórnar SSA 22. september 2015

Fundurinn hófst kl. 12.30 með léttum hádegisverði á Hótel Öldu en var síðan framhaldið í Silfurhöllinni, Hafnargötu 28, Seyðisfirði. Mættir voru Sigrún Blöndal, Hákon Hansson, Gunnar Jónsson, Stefán Grímur Rafnsson, Gauti Jóhannesson, Arnbjörg Sveinsdóttir og Jón Björn Hákonarson. Gunnhildur Ingvarsdóttir, fulltrúi Norðausturkjördæmis í stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga er sérstakur gestur fundarins.

Þá sat fundinn Björg Björnsdóttir, verkefnisstjóri sveitarstjórnarmála, sem ritaði fundargerð.

Sigrún Blöndal, formaður stjórnar SSA bauð Gunnhildi Ingvarsdóttir velkomna til fundar.

1. Fundargerðir, erindi og ályktanir.

1. Fundargerð frá 13. stjórnarfundum SSA og fundargerð frá 8. fundum framkvæmdaráðs lagðar fram til samþykkis. Verkefnisstjóra falið að hafa samband við sveitarstjóra og oddvita um fund í starfsnefnd um málefni Austurbrúar á aðalfundi SSA á Djúpavogi 2. október nk. Stjórn SSA mun sitja fundinn ásamt framkvæmdastjóra og formanni stjórnar Austurbrúar.
2. Fundargerðir lagðar fram til kynningar frá:
 - a) stýrihópi Stjórnarráðsins um byggðamál.
 - b) Sambandi sveitarfélaga á Suðurlandi (SASS), Fjórðungssambandi Vestfirðinga, Eyþingi, Samtökum sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, Sambandi íslenskra sveitarfélaga.
 - c) Heilbrigðiseftirliti Austurlands.
3. Ýmis erindi, bókanir og skýrslur.
 - a) Boð á aðalfundi landshlutasamtakanna.
 - b) Boð frá fjárlaganefnd.
 - c) Landsfundur jafnréttisnefnda.
 - d) Leiðrétting frá ferðamálastofu.

2. Samningur um sóknaráætlun

1. Ný sóknaráætlun Austurlands. **Elfa Hlín Pétursdóttir** og **Signý Ormarsdóttir** frá Austurbrú sögðu frá vinnu við gerð nýrrar sóknaráætlunar og hugmyndum um framhaldið.
2. Kostnaður við gerð sóknaráætlunar. Framkvæmdaráði falið að ræða við framkvæmdastjóra og stjórnarformann Austurbrúar um málið.

3. Fjármál SSA

1. Ársreikningur SSA 2014 lagður fram til samþykktar og undirritunar.
2. Könnunarskýrsla með ársreikningi lögð fram til kynningar og umræðu.
3. Athugasemdir skoðunarmanna lagðar fram til kynningar og umræðu.
4. Tillaga stjórnar um endurskoðaða fjárhagsáætlun fyrir árið 2015 og 2016 lögð fram til samþykkis.



5. Árgjöld fyrir árið 2016 og 2017. Tillaga til fjárhagsnefndar lögð fram til samþykkis.

6. Launamál SSA. Tillaga til fjárhagsnefndar lögð fram til samþykkis.

4. Aðalfundur SSA 2015

1. Endanleg dagskrá fundarins.

2. Kostnaður við fund. Verkefnisstjóra falið að kanna kostnað vegna þátttakenda.

3. Byggða- og atvinnumálanefnd, valinn formaður.

4. Menningarverðlaun SSA 2015.

5. Heiðursgestur SSA 2015.

6. Beiðni frá verkefnisstjórum *Áfangastaðarins Austurlands*. Verkefnisstjóra falið að dreifa kynningu á verkefninu til allsherjarnefndar og bjóða verkefnastjóra að sitja fund nefndarinnar undir þeim lið.

5. Önnur mál

1. 6 mánaða uppgjör frá Austurbrú lagt fram til kynningar.

2. Fundir og þing sótt af SSA. Formaður greindi frá þátttöku verkefnisstjóra í Skipulagsdeginum og Umhverfisþingi.

3. Kjördæmavika – fundir með þingmönnum. Verkefnisstjóra falið að ganga frá endanlegri dagsetningu og dagskrá við þingmenn.

4. Fulltrúi SSA í fulltrúaráði Eignarhaldsfélagsins Brunabótafélag Íslands. Stjórn SSA samþykkir að tilnefna Jón Björn Hákonarson sem sinn fulltrúa í fulltrúaráðinu í stað Arnbjargar Sveinsdóttur.

Fundi slitið kl. 16.00.

Sigrún Blöndal

Jón Björn Hákonarson

Arnbjörg Sveinsdóttir

Gauti Jóhannesson

Gunnar Jónsson

Stefán Grímur Rafnsson

Hákon Hansson